

Albingi
Erindi nr. P 140/2254
komudagur 8.5.2012

Reykjanes

Biladeild [Bilar@fjolsmidjan.is]

Sent: 8. maí 2012 11:27

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

"Ég Halldór Hafdal Halldórsson kt 1207595239, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælu og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga."

Kveðja Halldór Hafdal Halldórsson

Deildarstjóri biladeildar
Fjölsmiðjan Víkurhvarfi 2
203 Reykjavík
Símar 5712782 8664663
[bilar@fjolsmidjan.is](mailto: hilar@fjolsmidjan.is)